

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 5. september 2003

um notkun ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda í viðvörunarmerkingum á tóbakspökkum

(tilkynnt með númeri C(2003) 3184)

(Texti sem varðar EES)

(2003/641/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

áhættu sem fylgir reykingum. Notkun ljósmynda á tóbakspökkum er því lykilþáttur í heildstæðri og samþættri stefnu í tóbaksvörnum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 5. gr.,

6) Að teknu tilliti til menningarlegrar fjölbreytni í Evrópusambandinu skal vera unnt að velja úr nokkrum ljósmyndum í lit eða annars konar skýringarmyndum fyrir hverja viðbótarviðvörun sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skv. tilskipun 2001/37/EB skal hver einingarpakki, sem inniheldur tóbaksvörur, nema munntóbak og aðrar reyklusar tóbaksvörur, og ytri umbúðir, að undanskildum gagnsæjum ytri umbúðum, bera almenna viðvörun og viðbótarviðvörun úr skránni í I. viðauka við þá tilskipun.

7) Geri aðildarríki kröfu um viðvörunarmerkingar í formi ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda skal sjá til þess að þessir útlitsþættir séu ekki huldur eða dregið úr þeim með öðrum hætti.

2) Aðildarríkin geta ákveðið hvort krafist er viðvörunarmerkinga í formi ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda á pökkum nokkurra eða allra gerða tóbaksvara nema munntóbaks og reyklusara tóbaksvara.

8) Geri aðildarríki kröfu um viðvörunarmerkingar í formi ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda skal ákveða aðlögunartímabil vegna nauðsynlegra breytinga á framleiðslu- og pökkunarferli tóbaksvara og fyrir sölu birgða. Leyfa skal notkun merkimiða sem ekki er hægt að ná af fyrir aðrar tóbaksvörur en vindlinga.

3) Fari aðildarríki fram á að notaðar séu viðbótarviðvörunarmerkingar í formi ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda skulu þær vera í samræmi við reglur sem framkvæmdastjórnin samþykkir.

9) Fylgjast þarf með upptöku myndrænna viðvörunarmerkinga og meta árangur af þeim reglulega.

4) Í tilskipun 2001/37/EB komu fram ný ákvæði um merkingar sem breyta útliti tóbaksumbúða umtalsvert, einkum með tilliti til stærðar viðvörunartexta og myndrænnar framsetningar hans. Í því skyni að nýta sem best myndræn áhrif þessarar nýju hönnunar skal hún vera óbreytt í tiltekinn tíma áður en ljósmyndum í lit eða annars konar skýringarmyndum er bætt við.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 10. gr. tilskipunar 2001/37/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

### Efni og gildissvið

1. Með þessari ákvörðun eru settar reglur um notkun ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda á tóbakspökkum til að lýsa og útskýra heilsufarslegar afleiðingar reykinga.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26.

2. Þessi ákvörðun skal gilda um þau aðildarríki sem ákveða að nota ljósmyndir í lit eða skýringarmyndir ásamt viðbótarviðvörðunum, sem gerð er krafa um í tilskipun 2001/37/EB, á umbúðum nokkurra eða allra tegunda tóbaksvara nema umbúða utan munntóbak og annað reyklaust tóbak.

3. Fari aðildarríki fram á að notaðar séu viðvörðunarmerkingar í formi ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda skulu þau vera í samræmi við reglur sem settar eru með þessari ákvörðun.

2. gr.

### Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun skulu skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 2001/37/EB gilda.

Eftirfarandi skilgreiningar skulu jafnframt gilda:

1. „tóbakspakki“: hvers kyns einingarpakki og hvers kyns ytri umbúðir sem eru notaðar í smásölu á tóbaksvörum, að undanskildum gagnsægjum ytri umbúðum,
2. „viðbótarviðvörðun“: einhver af þeim viðvörðunum sem um getur í b-lið 2. mgr. 5. gr. og í I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB,
3. „frumskjal“: einhver af þeim rafrænu skráum með mynd- og textaviðvörðun sem framkvæmdastjórnin lætur í té,
4. „mynd- og textaviðvörðun“: viðvörðun sem er ljósmynd eða önnur skýringarmynd og tilheyrandi texti viðbótarviðvörðunar sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 5. gr. og I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB eins og fram kemur í hverju frumskjali.

3. gr.

### Safn frumskjala

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja til safn forprófaðra frumskjala í síðasta lagi 30. september 2004 til að unnt sé að velja úr nokkrum ljósmyndum eða annars konar skýringarmyndum fyrir hverja viðbótarviðvörðun sem skráð er í I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa frumskjölín tiltek þegar þeirra er óskað. Framkvæmdastjórnin skal hafa tækniforskriftir fyrir prentun tiltækar og ekki breyta þeim á neinn hátt.

3. Framkvæmdastjórnin skal leita aðstoðar sérfræðinga á vísinda- og tæknisviði við gerð safns frumskjala.

4. Frumskjölín, sem eru valin, skulu lögð til álitsgjafar fyrir nefndina sem stofnuð er skv. 10 gr. tilskipunar 2001/37/EB.

4. gr.

### Notkun mynd- og textaviðvarana

1. Geri aðildarríkin kröfu um viðvaranir í formi ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda, skulu tóbakspakkar, sem gerð er krafa um að beri slíkar ljósmyndir, bera mynd- og textaviðvörðun sem er einvörðungu fengin úr frumskjölunum sem framkvæmdastjórnin lætur í té, án nokkurra breytinga á efnisþáttum hennar.

Aðildarríki geta valið þau frumskjöl sem best henta neytendum í viðkomandi löndum.

2. Mynd- og textaviðvaranir skulu:

- a) notaðar til skiptis svo að regluleg birting allra viðbótarviðvarananna sé tryggð,
- b) prentaðar á hinn flöt tóbakspakkans sem er mest áberandi þannig að snið og hlutföll frumskjalsins og myndræn heild myndar og texta haldist,
- c) ná yfir allt svæðið sem er ætlað viðbótarviðvörðuninni, vera samsíða efri brún pakkans og snúa í sömu átt og aðrar upplýsingar á pakkanum,
- d) birtar í samræmi við tækniforskriftir fyrir prentun sem framkvæmdastjórnin skal hafa tiltækar,
- e) vera í svörtum ramma sem er a.m.k. 3 mm á breidd en ekki breiðari en 4 mm og skyggir ekki að neinu leyti á texta eða myndrænan hluta mynd- og textaviðvörðunarinnar.

3. Mynd- og textaviðvörðunin skal þekja a.m.k. 40% af ytra borði hins flatarins sem er mest áberandi á einingarpakka sem inniheldur tóbaksvörur. Hækka skal hlutfallið upp í 45% í aðildarríkjum þar sem eru tvö opinber tungumál og upp í 50% í aðildarríkjum þar sem eru þrjú opinber tungumál.

Þegar um er að ræða einingarpakka, sem eru ætlaðir fyrir aðrar vörur en vindlinga og sá flötur pakkans, sem er mest áberandi, er stærri en 75 cm<sup>2</sup>, skulu mynd- og textaviðvaranirnar þekja að minnsta kosti 22,5 cm<sup>2</sup> af hinum fletinum sem er mest áberandi. Auka skal stærð þess flatar upp í 24 cm<sup>2</sup> í aðildarríkjum þar sem eru tvö opinber tungumál og í 26,25 cm<sup>2</sup> í aðildarríkjum þar sem eru þrjú opinber tungumál.

4. Þegar um er að ræða aðrar tóbaksvörur en vindlinga er heimilt að setja mynd- og textaviðvaranirnar á með límíðum, að því tilskildu að ekki sé hægt að losa þá af pökkunum. Birting mynd- og textaviðvarana á límíðum skal vera í samræmi við tækniforskriftir fyrir prentun sem eru tiltækar hjá framkvæmdastjórninni.

5. Aðildarríkin geta mælt fyrir um að mynd- og textaviðvörðunum skuli fylgja tilvísun utan við viðvörðunarráman þar sem fram kemur frá hvaða yfirvaldi viðvaranirnar eru komnar. Krefjist aðildarríkin þess, geta enn fremur verið aðrir myndrænir þættir á mynd- og textaviðvörðunum, eins og kennimerki, með eða án símanúmera fyrir þá sem vilja hætta að reykja, tölvupóstföng og/eða vefsetur, þar sem neytendur geta fengið upplýsingar um þau yfirvöld sem standa að viðvörðuninni og þá aðstoð sem þeim, sem vilja hætta að reykja, stendur til boða.

6. Ekki skal gera athugasemdir við mynd- og textaviðvaranir á tóbakspökkum né umorða þær eða vísa til þeirra á neinn hátt, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 5. mgr.

5. gr.

#### Sjónræn heild mynd- og textaviðvarana

1. Mynd- og textaviðvaranir skulu:

- a) prentaðar þannig að ekki sé hægt að fjarlægja þær eða afmá og óheimilt er að hylja þær eða brengla með öðru rituðu eða myndrænu efni eða með því að opna pakkann. Bannað er að prenta mynd- og textaviðvaranir á tollborða eða verðmiða einingarpakkans,
- b) vera birtar á þann hátt að tryggt sé að enginn hluti texta eða sjónrænna þátta mynd- og textaviðvarana skemmist þegar pakkinn er opnaður.

2. Ákveði aðildarríki að krefjast notkunar mynd- og textaviðvarana á tóbakspökkum skulu þau samþykkja nauðsynlegar reglur til að hindra að notkun hvers kyns ytri umbúða, poka, hlífa, askja eða annarra hluta hylji, að einhverju eða öllu leyti, mynd- og textaviðvaranirnar eða brengli þær eða einhvern hluta þeirra.

3. Tollborða og verðmerkingar skal ekki staðsetja þannig að þau hylji eða brengli mynd- eða textaviðvaranir eða einhvern hluta þeirra.

4. Tilvísanir eða aðrir þættir, sem tilgreindir eru í 5. mgr. 4. gr., skulu ekki hindra eða hamlá því að mynd- og textaviðvaranirnar sjáist.

6. gr.

#### Framkvæmd

Ákveði aðildarríki að krefjast notkunar mynd- og textaviðvarana á tóbakspökkum skulu þau samþykkja og birta þau ákvæði sem nauðsynleg eru til að fara að þessari ákvörðun.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. október 2004.

Í þeim ákvæðum skal kveðið á um hæfilegt aðlögunartímabil vegna nauðsynlegra breytinga á framleiðslu- og pökkunarferli tóbaksvara og fyrir sölu birgða, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa ákvörðun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði innlendra laga sem þau samþykkja á því sviði sem fjallað er um í þessari ákvörðun og gefa framkvæmdastjórninni upplýsingar um framkvæmd þeirra á tveggja ára fresti. Þessar upplýsingar skulu fela í sér mat á áhrifum með sérstöku tilliti til neysluvenja og með sérstakri áherslu á börn og ungmenni.

7. gr.

#### Skýrslugjöf og breytingar

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. september 2006 og á tveggja ára fresti eftir það, gefa nefndinni, sem stofnuð er skv. 10. gr. tilskipunar 2001/37/EB, skýrslu um framkvæmd þessarar ákvörðunar. Þessar skýrslur skulu byggðar á upplýsingum sem berast frá aðildarríkjnum samkvæmt 4. mgr. 6. gr. þessarar ákvörðunar.

2. Þegar skýrslurnar eru lagðar fram skal framkvæmdastjórnin tilgreina sérstaklega þau atriði sem skal endurskoða eða þróa í ljósi fenginnar reynslu og nýrra vísindalegra gagna.

3. Sérfræðingar á sviði vísinda og tækni, sem um getur í 11. gr. tilskipunar 2001/37/EB, geta aðstoðað framkvæmdastjórnina við gerð þessara skýrslna.

4. Upplýsingar um framkvæmd þessarar ákvörðunar skulu einnig vera hluti af tveimur ársskýrslum sem framkvæmdastjórninni ber að leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópuandalaganna um beitingu tilskipunar 2001/37/EB í samræmi við 11. gr. þeirrar tilskipunar.

8. gr.

#### Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. september 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*